

Sþ.

564. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og borið hana saman við þingsályktun, er samþ. var á síðasta Alþingi, um eflingu íslensks landbúnaðar, þar sem Búnaðarfélagi Íslands er falið að láta fram fara viðtækar rannsóknir meðal annars á því, hvar heppilegust skilyrði eru með tilliti til ræktunar o. fl. með aukið þéttbýli og byggðahverfi fyrir augum.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur falið millipinganefnd, sem kosin var af síðasta búnaðarþingi, að taka þessi verkefni ásamt mörgum fleirum tíi rannsókna og gera tillögur um þau.

Tillagan, sem hér liggur fyrir, fer mjög í sömu átt. Hún er þó að því leyti frábrugðin, að samkv. henni er það nýbýlastjórnin, sem á að annast rannsóknirnar. Auk þess á hún að gera skýrslu um, hversu háttáð er eignarrétti og umráðum á því landi, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Og loks er henni heimilað nokkurt fé til þessara rannsókna, en það var ekki gert með tillögunni frá 9. febr. 1943. Nefndinni er auk þessa kunnugt, að millipinganefnd búnaðarþingsins, sem hefur verið falið þetta mál til rannsókna, hefur mörg önnur umfangsmikil verkefni til úrlausnar. Það mundi því heldur greiða fyrir störfum nefndarinnar, ef þetta mál yrði tekið til sérstakrar rannsóknar af nýbýlastjórn, enda færi þessi rannsókn fram í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og millipinganefnd búnaðarþings. Nefndin leitaði álits stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þingsályktunartill., og mælir hún með, að tillagan verði samþ. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og millipinganefnd búnaðarþings athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslur um, hversu háttáð er eignarrétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Búnaðarfélag Íslands, Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson,
form.

Jón Sigurðsson,
frsm.

Páll Zóphóniásson.

Sigurður Þórðarson.

Gísli Jónsson.

Ásgeir Ásgeirsson.